

Skólaráðsfundur haldinn þann 7. maí 2024

Fundur settur kl. 13:00. Fráfarandi skólastjóri setur fundinn.

Mættir:

Skólastjóri: Júlía Guðjónsdóttir og Guðlaug Erlendsdóttir

Fulltrúar kennara: Elín Kristinsdóttir og Helena Guðmundsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Hulda Geirsdóttir

Fulltrúar foreldra: Margrét Freyja Viðarsdóttir og Magnús B. Jóhannsson

Fulltrúar nemenda: Björgvin Þór Ívarsson og Halldór Bjarni Steinunnarson

Málefni:

Júlía Guðjónsdóttir fráfarandi skólastjóri kynnir Guðlaugu Erlendsdóttir sem er að koma í hennar stað.

Farið yfir skóladagatal fyrir veturinn 2024-2025. Dagatalið er miðstýrt, þ.e. sameiginlegir starfsdagar í leik- og grunnskólum Borgarbyggðar. Það eru fimm starfsdagar á milli skólasetningar og skólaslita. Þá eru 2x foreldraviðtöl yfir skólaárið, eitt á hvorri önn. Hugmynd er um að sleppa vetrarfríi aðra önnina og hafa þá eitt langt vetrarfrí á einni önn. Ákveðið er að setja þetta í umræður, þekkest í öðrum skólum. Skólaráð tekur vel í þessa hugmynd. Óánægja var með skólabúðirnar á Úlfliótsvatni skólaárið 2023-2024. Næsta skólaár mun 9. bekkur fara í skólabúðir í Vindáshlíð í stað þeirrar á Úlfliótsvatni. Þann 18. september 2024 verður skólaþing allra skóla á vesturlandi haldið hér í Grunnskólanum í Borgarnesi. Skóladagatal er samþykkt af skólaráði.

Næsti vetur:

- Nýr skólastjóri, Guðlaug Erlendsdóttir.
- Erum í ráðningum, ráðningar kennara að mikli leyti lokið. Ráðningar stuðningsfulltrúa eru í gangi.
- Nemendur frá Varmalandi hafa val um að fara í skóla í GB eða GBF. Ekki er vitað enn hve margir munu koma hingað.
- ÍSAT – íslenska sem annað tungumál. Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir sér um það. Flott starf sem er í uppbyggingu og þróun.
- Rótarýklúbburinn hefur séð um starfskynningar fyrir nemendur í 10. bekk. Samfélagsverkefni sem nemendur svo kynna foreldrum og snæða kvöldverð á eftir í boði Rótarý.
- Húsnæðismál: niðurrifi í myglurými er lokið. Stefnt er að því að uppbyggingu verði lokið í haust. Gámahúsnæði sem stendur innst á skólalóðinni mun vera áfram, það sem stendur við hlið fótboltavallarins mun fara.
- Kjósa þarf í nýtt skólaráð næsta haust. Fulltrúi grendarráðsins má vera úr foreldrahópi. Haft verður samband við formann foreldrafélagsins og hann fenginn til að finna foreldra í skólaráðið.

- Hvernig getum við gert betur? Skólinn er mjög vel mannaður, erum við að nýta mannaflann rétt? Aldrei allir ánægðir.

Áherslur fyrir næsta vetur:

- Efla nemendalýðræði – halda skólaþing.
- Endurskoða skólareglur.
- Nánara samstarf við foreldrafélag. Oft kemur meira vogarafl á málefni fyrir skólann ef foreldrar ýta á eftir því í samvinnu við skólann.

Júlía Guðjónsdóttir slítur fundi kl. 13:32.